

5. fundur fræðslunefndar ársins 2010 vegna Undralands, haldinn 27. október 2010 í leikskólanum, kl. 16:00. 2. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Hanna Björk Grétarsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Gunnar Þór Jóhannesson og Eydís Helgadóttir leikskólastjóri og Ólafur Bjarni Sigursveinsson, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla leikskólastjóra.**
- 2. Starfsmannamál.**
- 3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 – drög.**

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- Haustþing leikskóla á Suðurlandi var haldið 24. september, þingið er vettvangur fyrir allt starfsfólk leikskóla til að sækja sér fróðleik, efla sig í starfi, hitta samstarfsfólk frá öðrum leikskólum og skiptast á skoðunum.
- Stöðvavinnan sem við byrjuðum að þróa síðastliðið haust er að gefa góða raun. Við leitum fanga víða og erum sífellt að meta starfið, breyta og bæta.
- Leikskólastjórar af Suðurlandi funda einu sinni í mánuði, tekin eru fyrir hin ýmsu mál sem lúta að starfinu.
- Samstarf við bókasafnið hófst um miðjan september og líkur í byrjun nóvember. Áslaug bókasafnsvörður tekur vel á móti okkur, les fyrir okkur sögur ásamt því að kenna okkur að umgangast bækur, hvernig á að fletta þeim og fá þær að láni.
- Í nóvember og fram að jólum mun séra Eiríkur koma hálfmánaðarlega til okkar. Hann fræðir okkur m.a. um manngæsku, virðingu, þekkingu muninn á réttu og röngu og síðast en ekki síst um kærleikann.
- Ömmu- og afakaffi var haldið um miðjan október og var dagurinn hinn ánægjulegasti, góð mæting og allir skemmtu sér vel.
- Framundan eru foreldrasamtöl, þar sem foreldrum og starfsfólki gefst tími til að ræða um uppeldi og þroska barnanna.
- ART verkefnið hefur gengið vel og skilað góðum árangri.
- Skipulagsdagur verður haldinn 10. nóvember.
- Aðalfundur foreldrafélagsins verður 28. október.
- Í byrjun október fengum við Fríði Sæmundsdóttur, þroskaþjálfara til liðs við okkur. Fríður er í 10% sérkennslustöðu.
- Nú eru 44 börn í leikskólanum, þar af eru 12 tvítyngd börn og 2 stuðningsbörn.

2. Starfsmannamál.

Leikskólastjóri telur ljóst að ráða þurfi manneskju í 50% stöðu frá og með 1. nóvember n.k. þar sem starfsmannagildin eru of lág. Fræðslunefnd mælir með ráðningunni.

3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 – drög.

Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki gert.
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.20